




Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

12. tbl. • 11. árg. • Desember 2005

*Samtök iðnaðarins
óska félagsmönnum sínum
og öðrum lesendum
gledilegra jóla, árs og fríðar*



Olúgjaldið: Endalaus vitleysa?



Eins og alþjóð veit eru flest lög afgreidd á Alþingi í tveim stuttum lotum sem helst má líkja við uppþot. Það fyrra er í maí við og miðað við að þingmenn komist heim í sveitina áður en sauðburður hefst fyrir alvöru. Á haustin er lítið afgreitt af lagafrumvörpum fyrr en í byrjun jólaföstu en þá verður annað uppþot í þinginu þegar langþráð jólafrí þingmanna er í sjónmáli.

Fastir liðir

Meðal þeirra mála, sem orðin eru að föstu umfjöllunarefni þegar svona stendur á, eru lög um olúgjald og kílómetragjald o.fl. sem urðu að lögum vorið 2004 í miklu tímahraki. Lögin tóku gildi um mitt þetta ár eða 1. júlí 2005 en sl. vor var þeim breytt á síðustu stundu fyrir sumarleyfi áður en þau tóku gildi. Slíkt er raunar fátítt en svo augljósir gallar voru á lögnum að ekki þótti fært að láta þau taka gildi óbreytt. Meðal annars hefðu eigendur námubifreiða að óbreyttu átt að greiða af þeim bæði olúgjald og kílómetragjald þó að slík tæki megi alls ekki aka á þjóðvegum landsins.

Samráðið sem gleymdist

Af hálfu fjármálaráðuneytis var því hátíðlega lofað sl. vor að lögin yrðu endurskoðuð í haust að fenginni nokkurri reynslu og að höfðu samráði við þá hagsmunaaðila sem mest eiga undir þessari skattheimtu. Þetta loforð var ger-

samlega svikið og samráð alls ekkert. Enn einu sinni kom frumvarp frá fjármálaráðuneytinu samið af embættismönnum sem greinilega hafa takmarkaða þekkingu á málinu og enn minni áhuga á leita sér upplýsinga.

Vitleysan endalaus

Það var beinlínis dapurlegt að hlusta á umræður á hinu háa Alþingi þegar þetta mál var til þar til afgreiðslu 8. þessa mánaðar. Þingmaðurinn Einar Oddur Kristjánsson kallaði þetta mál „vitleysuna endalaus.“ Sama sinnis var Kjartan Ólafsson og í svipaðan streng tóku aðrir þingmenn sem til máls tóku. Meira að segja Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, sem mælti fyrir nýjustu breytingunum, gat ekki annað en tekið undir að þessi skattheimta væri meingölluð og óskilvirk. Hann endurtók hvað eftir annað að einu rökin fyrir upptöku olúgjalds væru þau að opna fyrir notkun smærri dísilbifreiða hér á landi.

Tvöfalt kerfi verður þrefalt

Þarna sannaðist enn hið fornkveðna að mönnum getur skjátlást þótt skýrir séu. Í umsögn allra helstu samtaka atvinnurekenda vorið 2004 kom einmitt fram að samtökin skilja og virða þann vilja stjórnvalda að gera rekstur smærri dísilbifreiða hagkvæmari. Þau voru og eru á hinn bóginn algerlega andvíg þeirri stefnu að taka upp tvöfalda gjaldtöku (olúgjald og kílómetragjald) á bifreiðar með leyfilega heildarþyngd yfir 10 tonn. Þetta tvöfalda kerfi er nú reyndar orðið þrefalt því að sett hefur verið upp sérstakt en meingallað kerfi fyrir sumar þær bifreiðar sem vinna mikið í kyrrstöðu en aka tiltölulega lítið.

Einföld lausn - óbreytt þungaskattskerfi fyrir atvinnutækin

Því miður virðist engum hafa hugkvæmst að skoða tillögur samtaka atvinnurekenda sem lögðu einfaldlega til vorið 2004 að gamla þungaskattskerfið yrði óbreytt fyrir bifreiðar 10 tonn og þyngri. Slíkar bifreiðar myndu þá nota litaða gjaldfrjálsa olíu en greiða fyrir ekna kílómetra samkvæmt mæli. Léttari ökutæki, þar á meðal fólksbílar, myndu hins vegar nota ólitaða olíu og greiða olúgjald, sambærilegt við bensínjald. Með þessu móti næðist það markmið að gera rekstur léttari dísilbifreiða hagkvæmari og jafnframt fengi ríkissjóður áfram sömu tekjur eða meiri af þyngri bifreiðunum ef nauðsynlegt væri talið að auka skattheimtu af þeim.

Hvað er að?

Helstu gallarnir á skattheimtu samkvæmt nýju lögnum eru:

- 1) Ekki er horfið frá gjaldtöku á ekna kílómetra um leið og tekið er upp gjald á hvern lítra gas- og dísilolíu eins og

víða hefur verið gert. Þvert á móti er haldið áfram að leggja verulegt kílómetragjald á allar bifreiðar með leyfilega heildarþyngd yfir 10 tonn, þó að undanskildum fólksflutninga-bifreiðum.

- 2) Skattheimta á þyngri bifreiðar er stóraukin án þess þó að taka mið af slitu á vegum sem ræðst af þyngd og fjölda ekinna kílómetra. Þyngstu bifreiðarnar, sem aka mest, komu best út úr breytingunni. Útreikningar á skattlagningu fyrir og eftir þessa breytingu leiða í ljós að hækkunin hjá flestum öðrum er á bilinu 20-40%.
- 3) Taka þarf sérstakt tillit til bifreiða sem vinna mikið í kyrrstöðu, svo sem krana-, körfu- og dælubifreiða. Sama á við um götusópa, snjóruðningstæki, söfnunarbíla fyrir sorp svo og steypubifreiðar. Eigendur slíkra bifreiða eiga að geta valið hvort þær eru flokkaðar sem vinnuvélar og mega þá nota gjaldfrjálsa (litaða) olíu en greiða eðlilegt gjald miðað við ekna kílómetra. Það var ekki gert vorið 2004 en við breytinguna nú í desember virðist ætlunin hafa verið að koma til móts við þau sjónarmið. Þegar til kastanna kemur er sú lagasetning öll í mesta skötulíki. Gerð er krafa um að bifreiðarnar séu með áföstum búnaði, eyði meginhluta olíu í kyrrstöðu og gjaldheimta af þeim er aukin um tugi prósentu og svo mætti áfram telja.
- 4) Eftirlit með nýja kerfinu er algerlega í molum sem kallar á undanskot og samkeppnisröskun.

Það er tímabært að nýr fjármálaráðherra taki af skarið og sníði af gallana við skattlagningu stærri bifreiða og atvinnutækja.

Ekki mun standa á liðsinni atvinnulífsins til þeirra verka.

*Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI*

Milljón vinnustundir án fjarveruslyss



Undirvertakar fengu viðurkenningu fyrir framlag sitt

Nýverið náðu Bechtel og undirvertakar á Reyðarfirði þeim áfanga að vinna í eina milljón klukkustunda án þess að vinnuslys yrði. Ein milljón vinnustunda jafngildir 100 manna vinnu í 5 ár eða 500 manns í eitt ár.

Á vinnustað eins við álversbygginguna á Reyðarfirði leggst allt á eitt við að gera vinnuumhverfið hættulegt:

- Vinnustaðurinn er gríðarlega fjölmennur.
- Vinnuumhverfið er fjölbjóðlegt og boð á milli manna kunna að mis-skiljast eða misfarast.
- Mikill hraði er á framkvæmdinni og mikil umferð innan svæðis. Stórum og miklum stykkjum er lyft og þau forfærð frá einum stað til annars.
- Myrkur, slæmt skyggni og vetrarveður valda að auki slyshættu.

Bechtel bregst við öllum þessum áhættuatriðum þegar það birtir stefnu sína um slysalausan vinnustað. Það krefst mikils undirbúnings og vandaðra vinnubragða að ná takmarki á borð við eina milljón slysalausra vinnustunda. Í máli Bechtelmanna kemur skýrt fram að árangurinn byggist á aðgerðum og þátttöku allra undir- og yfirmanna, birgja og undirvertaka og í raun allra sem á vinnustaðinn koma til skemmri eða lengri dvalar.

Starfsmenn Bechtel og undirvertakar fögnuðu þessum einstaka árangri nú skömmu fyrir jól en fyrr á árinu hafði Suðurverk náð 400.000 klukkustunda vinnu án fjarveruslyss.

Við óskum starfsmönnum við álverði á Reyðarfirði til hamingju með árangurinn.

Árni Jóhannsson



Prentsmiðja Hafnarfjarðar

Þar ráða konur ríkjum



Prentsmiðja Hafnarfjarðar ein örfárra prentfyrirtækja sem konur reka hér á landi en þær eru Ingibjörg og Guðrún Guðmundsdætur. Faðir þeirra systra, Guðmundur Ragnar Jósefsson, prentari og setjari, stofnaði fyrirtækið ásamt fleirum árið 1945 og skömmu síðar var hafist við að byggja yfir starfsemina. Árið 1946 fór Guðmundur Ragnar til Bandaríkjanna í framhaldsnám og þaðan hafði hann með sér ýmis tæki og tól til að setja upp prentsmiðju sem hóf rekstur þá um haustið. Síðan hefur prentsmiðjan verið rekin á sama stað í hjarta Hafnarfjarðar að Suðurgötu 18. Guðmundur Ragnar gegndi starfi forstjóra til dauðadags en hann lést árið 1962 og þá tók kona hans, Steinunn Guðmundsdóttir við rekstrinum og fékk til liðs við sig bróður sinn Árna Guðmundsson. Ingibjörg og Guðrún tóku við rekstrinum árið 1996.

Aldar upp í prentsmiðju

Segja má að þær systur hafi slitið barnsskónum í prentmiðunni því að heimili fjölskyldunnar var lengi vel í risinu og

þær byrjuðu ungar að sýsla við verkefni við sitt hæfi. Vinnustaðurinn var nokkuð stór á þeirra tíma mælikvarða því að starfsmenn voru allt að tuttugu talsins en stórstígar tækni-framfarir í greininni frá þeim tíma hafa m.a. orðið til þess að þeir eru fimm um þessar mundir.

Forðast offjárfestingu

Ingibjörg og Guðrún telja að gætt hafi offjárfestingar í greininni og margir hafi fargað nothæfum vélum og keypt nýjar en sjálfar hafi þær strax ákveðið að fara ekki tugamilljóna króna fjárfestingu. Ýmsir „spekingar“ hafi hvatt þær til að selja húsið og flytja fyrirtækið „í bil upp á hrauni“ en það er dýrt að flytja svona fyrirtæki. Húsið stendur fullkomnlega fyrir sínu. Þær láta afar vel af birgjum sínum og segjast eiga góð samskipti við þá enda séu þeir mjög faglegir og veiti góða þjónustu. Þær hafa lítið orðið fyrir barðinu á vanskilum og eiga traustan og góðan viðskiptamannahóp.

Draumur um prentsetur

Þar sem fyrirtækið hefur alla tíð verið í sama húsnæði kennir þar ýmissa grasa og nokkrar gamlar vélar og tæki eru geymd í kjallara prentsmiðjuhússins en fyrsta setjaravél fyrirtækisins og jafnframt sú fyrsta sinnar tegundar, sem kom til Hafnarfjarðar, er í vörslu Hafnarfjarðarbæjar. Þær Ingibjörg og Guðrún segjast binda miklar vonir við að hér á landi verði komið upp safni prentvéla og helst lifandi prentsetri þar sem gömlu vélarnar geti gengið í endurnýjun lífdaga og þeim er því mikið í mun að þær séu varðveittar.

Fjölbreytt flóra verkefna og viðskiptavina

Viðskiptavinirnir eru af ýmsum toga, stórir sem smáir, einyrkjar, fyrirtæki og stofnanir og sumir þeirra hafa skipt við fyrirtækið í áratugi. Þar er prentað allt frá hvers skyns eyðublöðum til bóka af ýmsu tagi. „Við stöndum stóru prentfyrirtækjunum alveg snúning í smærri upplögum bóka og tímarita. Æ fleiri vilja láta vinna fyrir sig í fyrirtæki eins og okkar, s.s. félög og einyrkjar sem gefa sjálfir út bækur sínar. Á síðari árum hefur verið talsverð aukning í bókum hjá okkur.“ Á árum áður prentaði fyrirtækið bækur sem Bókaútgáfa Menningarsjóðs gaf út og missti því stóran spón úr aski sínum þegar hann var lagður niður.

Erfitt að keppa við undirboð og kennitölulakkara

Þótt reksturinn hafi gengið vel segja þær Ingibjörg og Guðrún að baráttan um brauðið sé hörð og verðpressan sé rosaleg.

Prentiðnaðurinn hafi farið illa með sig í útboðum og sum fyrirtæki stundi svo mikil undirboð að það sé fyrir neðan allt velsæmi. Þær segja að ekki sé nóg að vera með lægsta verðið því að góð þjónusta skipti miklu máli og drjúgur hluti veltu fyrirtækis þeirra byggist á að þjóna viðskiptavininum vel. Þær systur fara hörðum orðum um svokallaða kennitölufلاكkara og segja að það sé lítill vandi að reka fyrirtæki ef skuldirnar hverfi á fimm ára fresti eins og dæmi eru um í prentiðnaðinum. Auðvitað getur það gerst að menn fari heiðarlega á hausinn og byggi sig smám saman upp á nýjan leik og ávinni sér traust en því sé ekki alltaf að heilsa. Þá segja þær æ algengara að fjármálafrýrtæki blandi sér í mál kennitölufلاكkara til að bjarga eigin skinni. Prentsmiðja Hafnarfjarðar hafði alla tíð verið í viðskiptum við og einnig unnið fyrir Sparisjóð Hafnarfjarðar en þær hafi flutt viðskipti sín annað þegar sjóðurinn tók einn slíkan upp á sína arma. Þær systur segja að sumir hafi tapað miklum fjármunum í viðskiptum við kennitölufلاكkara. „Þeir rísa upp hvítþvegnir og skuldlausir, skekkja samkeppnisstöðuna til mikilla muna og skemma markaðinn.“ Hins vegar sé allt í lagi að keppa við fyrirtæki sem eru á eðlilegu róli í útboðum en munur á verði í útboðum sé samt oft ótrúlega mikill. Því miður gangi ríkið á undan í þessu efni og taki tilboðum sem allir sjái að eru langt undir kostnaðarverði og telja að í þessu efni skorti tilfinningu fyrir hvað séu eðlileg viðskipti.

Notalegt yfirbragð

Þrátt fyrir aukna hörku í greininni segjast þær Ingibjörg og Guðrún una glaðar við sitt og hæla starfsmönnum sínum fyrir dugnað og fagmennsku. Þegar komið er inn í þetta gamalgróna fyrirtæki verður þess strax vart að þar svífur notalegur andi yfir vötnum.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Eftir tíu ára fjarveru ákvað jólaulinn að tími væri kominn til að birtast á ný á síðum Íslensks iðnaðar.... enda fullt tilefni til



- *Í gamla daga voru menn nú ekki verðlaunaðir fyrir flakk ... hvað þá kennitölufلاكk!*
- *Eigum við ekki bara að stofna nýja heimsálfu, við erum svo sérstök?!*
- *Borgar sig fyrir mig að fara utan til að versla hjá Íslenskum fyrirtækjum?*
- *Ef iðnbyltingin er þögnul ... tekur þá einhver eftir henni?*
- *Iss, það þarf ekkert að bæta samgöngur þar sem flest fólk býr ... gerum frekar göng í gegnum Heklu.*
- *Kannski við ættum bara að loka landamærunum ... við erum svo sérstök.*
- *Er gálgabifreið til að hengja fólk ... eða flæktist olúgjaldsfrumvarpið bara í ljósritunarvélinni?*
- *Hvað eru menn að kvarta undan lóðaskorti ... er ekki nóg af þeim í Laugum?*
- *Verða einhverjir eftir á Íslandi til að taka við símapeningunum í nýsköpun?*
- *Erum við ekki að spara aurinn og kasta evrunni?*



Gæðamál við verklegar framkvæmdir í góðum farvegi

Kröfur um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir verða háværari með degi hverjum. Helstu opinberir verkkaupar landsins hafa einfaldað og samræmt kröfur sínar í útboðsgögnum. Samtök iðnaðarins tóku að sér að halda námskeið sem eru sniðin að hinum samræmdu kröfum til að samræma skilning verkkaupa, hönnuða, eftirlitsmanna og verktaka á hugtökum og skilvirkni gæðastjórnunar. Námskeiðin eru haldin í nafni áðurnefndra verkkaupa og þau hafa til þessa sótt á fjórða hundrað manns úr hópi hönnuða, eftirlitsmanna verkkaupa og verktaka.

Í stærri útboðum eru dæmi um að verkkaupar setji það skilyrði að verktakar sýni fram á að starfsfólk þeirra hafi reynslu af að vinna samkvæmt því verklagi sem boðað er í gæðakerfi viðkomandi. Þeir þurfa að benda á verk þar sem unnið hefur verið eftir eigin gæðakerfi. Dæmi eru um að verktakar hafi látið gera úttekt á árangri af fyrri verkum til að leggja fram til staðfestingar með tilboðum sínum.

Í stað þess að kynna sér málin hafa margir verktakar miklað þessa kröfu verkkaupa um gæðastjórnun fyrir sér.

Það er algjör óþarfi því að kröfur verkkaupa eru ekki eiginlegar kröfur um hvernig verktakar eiga að stjórna og vinna að verkefnum, heldur felst krafa þeirra aðeins í að fá að kynnast stjórnunarlegu verklagi verktakans til að hægt sé að leggja mat á hvort hann sé hæfur til þess verks sem hann býðst til að vinna.

Betur má ef duga skal

Þótt þokast hafi vel áleiðis við að innleiða gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir á síðustu misserum er enn nokkuð í land að mati SI.

Frá þeim bæjardryum séð ættu eftirtalin atriði að hafa forgang til að árangur náist fyrir en ella:

- Verktakar þurfa að tryggja að starfsmenn þeirra þekki og fylgi því verklagi sem þeir boða í gæðakerfum sínum.
- Verktakar þurfa að bjóða stjórnendum sínum þjálfun í að skipuleggja og framfylgja innra eftirliti og tengja saman verkþáttarýni og eftirlitsáætlun.
- Verkkaupar eiga undantekningarlaust að krefja hönnuði um gæðatryggingu.

- Verkkaupar þurfa að þjálfa fulltrúa og eftirlitsaðila sína í að rýna og vakta gæðatryggingu verktaka og hönnuða.
- Verkkaupar þurfa að meta áreiðanleika tilboðs verktaka og hönnuða um gæðatryggingu fyrir undirritun samninga og tryggja að ekki sé samið við aðra en þá sem standa undir kröfunum.

Stuðningur Samtaka iðnaðarins

Samtök iðnaðarins munu halda áfram að leggja sitt af mörkum til að stuðla að röskum framgangi gæðastjórnunar. Áfram verða í boði námskeið í gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar. Verið er að undirbúa ítarlegt námskeið í verkáætlunargerð, verkþáttarýni, gerð eftirlitsáætlunar og samþættingu þessara þátta. Samtökin bjóða jafnframt félagsmönnum sínum úttekt og mat á árangri gæðastjórnunar. Þeir, sem þess óska, geta fengið viðurkenningu á árangrinum út frá lágmarkskröfum SI um ásætlanlegt verklag við verkefnastjórnun. Upplýsingar um námskeið um gæðastjórnun má finna á www.si.is

Ferdinand Hansen

Mikilvæg námskeið um kröfur verkkaupa

Námskeið fyrir verktaka, hönnuði og verkkaupa:

Samræmdar kröfur verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir

Neðangreindir verkkaupar og Samtök iðnaðarins efna reglulega til námskeiða um samræmdar kröfur um gæðastjórnun meðal verktaka, hönnuða og verkkaupa við verklegar framkvæmdir.

Námskeiðin eru ætlað verktökum, hönnuðum, fulltrúum verkkaupa og öðrum þeim sem koma að skipulagi, eftirliti og stjórnun verklegra framkvæmda í mannvirkjagerð og byggingariðnaði.

Næstu námskeið á dagskrá:

- 19. janúar 2006 - Reykjavík
- 16. febrúar - Reykjavík
- 23. mars - Akureyri

Hvert námskeið tekur einn dag (8 klst). Hámarksfjöldi þátttakenda er 16 manns. Þátttökugjald: Almennt verð kr. 19.900, afsláttarverð til félagsmanna í SI kr. 14.900. Innifalið eru námsgögn, kaffi og léttur hádegisverður.

Námskeið fyrir verktaka, hönnuði, verkkaupa, eftirlitsmenn, öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði:

Gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana við tímabundna mannvirkjagerð

Neðangreindir verkkaupar og Samtök iðnaðarins efna einnig reglulega til verklegra námskeiða í gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana við verklegar framkvæmdir. Námskeiðin njóta viðurkenningar Vinnueftirlitsins.

Námskeiðin eru ætluð öllum þeim sem koma að eftirliti og stjórnun verklegra framkvæmda í mannvirkjagerð og byggingariðnaði.

Næstu námskeið á dagskrá:

- 24. janúar 2006 - Reykjavík
- 21. febrúar - Reykjavík
- 28. mars - Akureyri

Hvert námskeið tekur um hálfan dag (5 klst). Hámarksfjöldi þátttakenda er 7 manns. Þátttökugjald: Almennt verð kr. 19.500, afsláttarverð til félagsmanna í SI kr. 14.500. Innifalið eru námsgögn og veitingar.



Nánari upplýsingar og skráning á www.si.is/gsi

Einnig er hægt að skrá sig í síma 591 0100 eða með tölvupósti á netfangið@si.is



Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík
Sími 591 0100 - Fax 591 0101
mottaka@si.is - www.si.is/gsi



Um 10 þúsund fm nýbygging Laugardalshallar tekin formlega í notkun

Fullkomið fjölnotahús fyrir frjálsar íþróttir, sýningar og ráðstefnur

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri opnaði nýja Laugardalshöll fyrir skömmu og sagði við það tækifæri að ákaflega vel hefði til tekist að byggja við Laugardalshöllina, mannvirki sem allir landsmenn þekktu. Borgarstjóri sagði Höllina verða lyftistöng fyrir íþróttaviðburði, sýningar og aðra stórviðburði í höfuðborginni og þakkaði Samtökum iðnaðarins fyrir gott samstarf.

Nýbyggingin er björt og rúmgóð, um 9.800 fermetrar að stærð. Með tilkomu hennar er Laugardalshöllin alls rúmir 16

þúsund fermetrar að flatarmáli og býður eina fullkomnustu aðstöðu hér á landi fyrir íþróttakeppni og æfingar, sýningahald, ráðstefnur, fundi, tónleika, árshátíðir og ýmsa aðra mannfagnaði.

Í nýbyggingunni er um 5.000 fermetra salur sem sérhannaður er fyrir frjálsíþróttæfingar og keppni auk sýninga og stærri viðburða. Aðkoma að salnum er þægileg en hönnun byggingarinnar gerir notendum kleift að koma stórum hlutum fyrir innandyrna. Lýsing og hljóðhönnun leyfa afar fjölbreytta notkun en draga má fyrir glugga og myrkva salinn með einu handtaki. Nýi salurinn rúmar 7-10 þúsund manns á tónleikum og viðlíka viðburðum.

Funda- og ráðstefnuaðstaða Laug-



ardalshallar er fyrsta flokks og aðgangur er að þráðlausu neti og fullkomnum tæknibúnaði sem annar margvíslegum þörfum. Í nýju byggingunni er fullkominn ráðstefnusalur með sviði og sæti fyrir 80-120 manns. Þar má halda fyrirlestra, tónleika og viðburði af ýmsu tagi. Rými á annarri hæð, þaðan sem sést inn í eldri íþrótt- og sýningar-salinn, má skipta í allt að þrjú minni rými sem henta fyrir fundi og ráðstefnur. Þau rými henta einnig fyrir veislur og móttökur. Fjölbreyttir notkunarmöguleikar Laugardalshallar henta vel fyrir hvatafundum og ýmsis námskeið. Góð veitingaaðstaða er fyrir stóra og smáa hópa þar sem reiða má fram morgunverð og hádegisverð auk veitinga í lok viðburða. Góð bílastæði auðveldla aðkomu gesta.



Framkvæmdir við nýbygginguna hófust í júlí 2003. Aðalverktaki var Eykt ehf., byggingaverktakar. Hönnun var í höndum T.ark teiknistofunnar ehf. og VST verkfræðistofu hf. Heildarkostnaður við bygginguna er 1,5 milljarðar króna.

Laugardalshöllin er í eigu Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. sem einnig sér um rekstur hússins. Að félaginu standa Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins.

Sunnudaginn 4. desember voru 40 ár frá því Laugardalshöll var tekin í notkun en hún hefur verið þungamiðja

íþróttaviðburða, sýninga, tónleika og stórfunda auk þess að vera eitt helsta kennileiti Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar veitir: Jónas Kristinsson, framkvæmdastjóri Íþrótt- og sýningahallarinnar hf., í síma 695 5252.

Íslensk hönnun og framleiðsla -já takk!



*Þökkum aðildarfyritækjum SI
og samstarfsaðilum framlag þeirra
til landsáttaksins **Þitt val skiptir máli**
- sem og þátttöku þeirra í **Íslenskum
dögum** sem haldnir voru á árinu.*

SI
Samtök iðnaðarins

Framkvæmdastjórar, eru fyrirtæki ykkar tilbúin?

Ábyrg umbúðanotkun - úrvinnsla

Innflytjendur, útflytjendur og framleiðendur:
Um áramótin hefst innheimta úrvinnslugjalds af umbúðum
úr pappír, pappa og plasti.

Álagning úrvinnslugjalds er í samræmi við mengunarbótaregluna, þ.e. að sá sem mengar ber kostnaðinn. Með því að minnka magn umbúða utan um vörur er hægt að lágmarka úrvinnslugjald. Frá áramótum verður því fjárhagslega hagkvæmt fyrir fyrirtæki að draga úr umbúðanotkun, koma umbúðum til endurvinnslu eða endurnýta þær.

Helstu breytingar:

- **Innflytjendur** gefi upp í tollskýrslu magn flutnings- og söluumbúða utan um vörur sem fluttar eru til landsins. Ef magnið er ekki þekkt er hægt að styðjast við reiknireglu.
- Innlendir **framleiðendur** umbúða taki fram á reikningum magn seldra umbúða og hvort þær eru ætlaðar til notkunar innanlands eða til útflutnings.
- Ef umbúðir eru nýttar utan um vörur til **útflutnings** er hægt að sækja um undanþágu frá álagningu úrvinnslugjalds til Tollstjóra.

Nánari upplýsingar um úrvinnslugjald má finna á vefsíðu Úrvinnslusjóðs
www.urvinnslusjodur.is



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Suðurlandsbraut 24 · 108 Reykjavík · Sími 517 4700 · www.urvinnslusjodur.is · urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is

Bólfimi og byggingariðnaður

Fáar atvinnugreinar hafa vaxið jafn hratt á síðustu árum og byggingariðnaður og mannvirkjagerð. Mikil fjölgun íbúðabygginga og margvíslegar stórframkvæmdir skýra m.a. þennan mikla vöxt. Á hverjum tíma ræðst staða í byggingariðnaði af almennu ástandi í efnahagslífinu. Þó er þekkt að sveiflur í byggingariðnaði eru talsvert meiri en almenn efnahagssveifla. Oftar en ekki hafa miklar verklegar framkvæmdir, t.d. stóriðjuframkvæmdir, verið orsök uppsveiflu í efnahagslífinu. En þrátt fyrir það er önnur mikilvægari undirrót byggingariðnaðar og raunar hagvaxtar í landinu. Hún felst í frammistöðu okkar við að framleiða börn!

Drifkraftur hagvaxtar

Barnsfæðingar og fólksfjölgun eru meðal helstu drifkrafta hagvaxtar til framtíðar. Það hefur í för með sér að vinnandi



höndum í landingu fjölgar og þar með eykst framleiðslugeta samfélagsins. Einnig fjölgar neytendum í landinu að sama skapi. Þegar saman fer ör fólksfjölgun og gott mennta- og heilbrigðiskerfi eru langtíma efnahagshorfur að jafnaði góðar.


Hinn mikli uppgangur í efnahagslífinu um þessar mundir er að verulegu leyti bein afleiðing þess að barnsfæðingum fjölgaði verulega á árunum í kringum 1980. Sá uppgangur kemur líka sterklega fram á fasteignamarkaði. Þetta sést vel á mynd af fjölda fæðinga á Íslandi. Þetta veldur því að fólki á aldrinum 20-30 ára fjölgar verulega um þessar mundir. Þetta fólk þarf þak yfir höfuðið en er um leið komið út á vinnu- markaðinn að framleiða vörur og þjónustu sem síðan kyndir undir hagvexti. Hægt er að merkja nokkrar bylgjur á fasteigna- og byggingamarkaðnum, t.d. kringum árin 1974, 1982, 1998 og nú í kringum 2004-2005. Í öllum tilvikum litu óvenjustórir árgangar dagsins ljós um 25 árum áður.

Næsta sprengja eftir 2012


Á árunum 1989-1993 fjölgaði Íslendingum sem aldrei fyrr. Eftir árið 2012 þarf þetta fólk að eignast húsnæði og því eru góðar líkur á miklum vexti í byggingageiranum þegar þar að kemur. Á þeim tíma fjölgar landsmönnum á aldrinum 20-35 ára verulega. Næstu tvö til þrjú ár koma fámennir árgangar inn á vinnu- og íbúðamarkað en byggingaiðnaður getur glaðst yfir því að á sama tíma ætla ríkisstjórn Íslands að nota peningana sem fengust fyrir Landssímann og stærsti hluti þess fjár fer í byggingariðnað og mannvirkjagerð.

Bjarni Már Gylfason

Fjöldi fæðinga á Íslandi 1965-2005



Fjöldi Íslendinga á aldrinum 20-35 ára 1985-2045 -byggt á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands



UT-dagurinn 24. janúar 2006

Tækifæri og möguleikar Íslendinga á sviði upplýsingatækni

Stjórnvöld standa fyrir sérstökum upplýsingatæknidegi, í samvinnu við upplýsingatækniðnaðinn, hinn 24. janúar nk. undir nafninu UT-dagurinn. Upplýsingatæknin gegnir miklu hlutverki í lífi okkar Íslendinga og við stöndum framarlega á því sviði í alþjóðlegum könnunum. UT-deginum er ætlað að beina sjónum að þeim tækifærum og möguleikum sem okkur standa til boða á sviði upplýsingatækni. Markmið með honum er fjórþætt:

- að auka þekkingu á möguleikum og tækifærum almennings til þess að nota Netið til að sækja opinbera þjónustu, mennta sig, versla og auðga líf sitt,
- að kynna hvað opinberir aðilar eru að gera á sviði upplýsingasamfélagsins,
- að vekja athygli á stöðu Íslendinga í alþjóðlegum könnunum
- að vekja athygli á upplýsingatækninni og upplýsingatækniðnaðinum, umfangi hans og gildi fyrir samfélagið.

Ráðstefna verður haldin á Nordica hóteli á UT-daginn. Dagskráin verður send út á vef ráðstefnunnar og erindin verða aðgengileg á þeim vef að ráðstefnunni lokinni. Megininntak ráðstefnunnar verður annars vegar að kynna þá rafrænu þjónustu sem er í boði og fjalla um þau áhrif sem upplýsingatæknin og upplýsingatækniðnaðurinn hefur á samfélagið. Dagskráin verður fjölbreytt og erindi koma m.a. frá ríki, sveitarfélögum og Samtökum upplýsingatæknifyrirtækja.

Fyrirhugað er að virkja sem flesta þá sem með einum eða öðrum hætti vinna að innleiðingu upplýsingatækninnar í samfélagið til þess að taka þátt í þessum degi. Þátttak- an getur verið með ýmsu móti, t.d. erindi á ráðstefnu, grein í blað sem gefið verður út, útgáfu sérstaks kynningarefnis, frásögn/frétt af nýjungum í fjölmiðlum, auglýsingum/kynningu á vöru eða þjónustu eða öðru slíku.

UT-dagurinn er samstarfsverkefni forsætisráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, fjármálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, Samtaka fyrirtækja í upplýsingatækni- iðnaði og Póst- og fjarskiptastofnunar. Undirbúnings- nefnd, sem skipuð er fulltrúum frá öllum þessum aðilum, er starfandi.

Nánari upplýsingar gefa: Ásgerður Edda Langworth, verkefnastjóri UT-dagsins sími: 515-5210 edda@athygli.is Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri forsætisráðuneyti sími: 545-8470 gudbjorg.sigurdardottir@for.stjr.is.

Nýjar reglugerðir um umhverfismál

Vakin er athygli á nýjum reglugerðum Umhverfisstofnunar um öryggisblöð, rokkgjörn lífræn efni, gróðurhindrandi efni og efni sem eyða ósonlaginu.

Reglugerð nr. 1025/2005 um rokkgjörn lífræn efnasambönd

Í málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja. Reglugerðin takmarkar markaðssetningu á málningu og lakki, sem innihalda lífræn leysiefni. Þær vörur, sem sjónum er beint að, eru málning og lakk til almennrar notkunar og efni til lakkviðgerða ökutækja, þ.m.t. efni til hreinsunar og formeðhöndlunar. Reglugerðin setur takmarkanir á innihald leysiefna og kröfur eru gerðar um tilteknar merkingar. Reglugerðin er byggð á Evrópusambandsstillskipun 2004/42/EB og munu sömu takmarkanir á leysiefnum í málningu og lakki gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Reglugerð nr. 1027/2005 um öryggisblöð

Reglugerðin fjallar um upplýsingaskyldu framleiðenda og seljenda hættulegra efna og vörutegunda og útgáfu sérstakra öryggisblaða í því skyni. Reglugerðin leysir af hólmi reglur nr. 602/1999 um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum. Í meginatriðum eru öryggisblöðin óbreytt en viðaukar, þar sem fram koma nánari skýringar á efni öryggisblaða, eru uppfærðir

Reglugerð nr. 978/2005 um breytingu á reglugerð

nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni Með reglugerðinni eru gerðar breytingar á efnalistum í fylgiskjali 1.

Reglugerð nr. 824/2005 um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skip

Reglugerðin fjallar um takmörkun á notkun lífrænna tinsambanda sem gróðurhindrandi efna í málningu. Reglugerð nr. 564/2005 um breytingu á reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu. Reglugerðin er nr. 564/2005 og fjallar um bráðnotkun halóna.



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
12. tbl. Desember 2005
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 15.12.2005, Prentvinnsla: Prenttækni ehf., Plastpökkun: Iðjuberg, Ljósmyndir: forsíðumynd, Ljósmyndasafn RTH, Jóhannes Long bls. 14


Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, Sími: 591 0100, fax: 591 0101, Kennitala 511093-2019, www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson, Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir, Málfráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir
Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Dýrt rafmagn á Íslandi


Nýlega var gefin út skýrsla iðnaðarráðherra um raforkumálefni.* Þar eru rakin áhrif breytinga á raforkulögum um síðustu áramót og lítið gert úr þeim hækkunum sem iðnfyrirtæki hafa fundið fyrir. Í skýrslunni er sýnt dæmi um taxa sem hefur hækkað um tugi prósentu, þ.e. ótryggð orka. Engin tilraun er þó gerð til að réttlæta þær hækkunarir eða meta hvort þær hafi verið eðlilegar. Athygli vekur að nær ekkert er fjallað um hækkunarir sem rekja má til taxa sem hafa fallið niður og koma illa við iðnfyrirtæki. Þó kemur fram að ekkert í lögnum bannar afsláttartaxta eins og þá sem nú hafa horfið.

Í skýrslunni er samanburður á raforkuverði milli landa, sjá meðfylgjandi myndir sem sýna annars vegar samanburð á verði til almennra notenda, mynd 2.3 og hins vegar til stórra fyrirtækja sem nota afltaxta, mynd 2.5. Raforkuverð á Íslandi er með því hæsta, sem gerist í þessum samanburði, hvort sem horft er til heildarverðs eða orkuverðsins án skatta og gjalda. Einnig kemur fram að stór fyrirtæki, standa verr í þessum samanburði en almennir notendur. Stórir notendur hér á landi hafa því ekki notið sams konar ávinnings af samkeppni á raforkumarkaði og í nágrannalöndunum.

Mynd 2.3. Verð á kWst til almennra notenda miðað við 3.500 kWst ársnotkun í upphafi árs 2005



Mynd 2.5. Samanburður á verði til aflnotenda miðað við 500 kW og 4.000 stunda nýtingartíma í upphafi árs 2005



Í skýrslunni segir að sterk staða krónunnar skýri hversu óhagstæður samanburðurinn er fyrir íslensk orkufyrirtæki. Þetta er enn eitt dæmið um það hvernig sterk staða krónunnar veikir samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar. En þó svo að gengið lækkaði um 15% yrði samanburðurinn samt ekki hagstæður. Það er umhugsunarvert að orkuverð skuli vera svo hátt í landi þar sem gnægð er af orku.

Bryndís Skúladóttir

* Skýrsla Valgerðar Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra um raforkumálefni (Lögð fyrir á Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006), sjá www.althingi.is

Prentstaður íslenskra bóka 2005

Niðurstöður könnunar Bókasambands Íslands um prentstað íslenskra bóka, sem birtust í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2005, sýna m.a. að hlutfall prentunar innanlands hefur aukist um 1,5% frá síðasta ári. Þetta er sérstaklega vel af sér vikið hjá íslenskum prentfyrirtækjum, ekki síst þegar tekið er tillit til ofurgengis íslensku krónunnar sem gerir samkeppni íslenskra prentsmiðja við erlendar enn erfiðari en ella.

Könnunin sýnir jafnframt að bókatitlum í Bókatíðindum hefur fækkað um 6,6% milli ára en heildarfjöldi þeirra í ár er 608 en var 651 í fyrra. Þess ber þó að geta að bókatitlar voru óvenju margir í fyrra og hafði þá fjölgað um heil 20,8% frá árinu áður þótt þeim hefði fjölgað um 11% frá árinu á undan. Í fyrra voru auk þess endurútgefnir titlar innan Bókatíðinda en svo er ekki í ár. Til gamans má geta að þrátt fyrir fækkun titla í ár eru þeir þó 27% fleiri en fyrir þremur árum. Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum. Eftirfarandi niðurstöður eru úr þeim samanburði:

- Barnabækur, íslenskar og þýddar eru alls 167; 56 (33,5%) prentaðar á Íslandi en 111 (66,5%) prentaðar erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd og ljóð eru 162; 101 (62,3%) prentuð á Íslandi og 61 (37,7%) prentuð erlendis.
- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 173; 136 (78,6%) eru prentaðar á Íslandi en 37 (21,4%) prentaðar erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 106; 70 (66%) prentuð á Íslandi en 36 (34%) prentað erlendis.

Eftirfarandi listi sýnir fjölda prentaðra bóka (í Bókatíðindum) í hverju landi og hlutfall af heild:

	Fjöldi titla	%
Ísland	363	59,7
Finnland	65	10,7
Kína	56	9,2
Danmörk	54	8,8
Slóvenía	14	2,3
Ítalía	11	1,8
Lettland	11	1,8
Önnur lönd	34	5,7
Samtals	608	100%

Nánari upplýsingar á www.si.is/prent

Haraldur Dean Nelson



Franch Michelsen hlýtur Njarðarskjöldinn

Franch Michelsen, úrsmíðameistari að Laugavegi 15, tók nýlega við Njarðarskjöldinum sem er hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar og íslenskrar verslunar en að þeim standa Félag íslenskra stórkaupmanna og Kaupmanna-samtök Íslands. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja til bættrar og aukinnar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík. Leitast er við að verðlauna verslun sem hefur m.a. náð góðum árangri í sölu- og markaðsstarfi sem beinist að erlendum ferðamönnum, sýnir frumkvæði og veitir góða þjónustu. Auk þess er lagt mat á úrlit verslunarinnar, lýsingu, merkingar og aðkomu.

Franch segir að hann hafi snemma gert sér grein fyrir þeim möguleikum sem felast í endurgreiðslu virðisauka fyrir erlenda ferðamenn og hann hafi verið sá þriðji í röðinni til þess hér á landi árið 1988 á eftir Rammagerðinni og Ullarhúsinu. Vel fjáðir erlendir ferðamenn eru gjarnan sagðir eiga erindi í verslun hans. Meðal helstu vörumerkja hans í úrum eru Rolex, August Reymond, Armani og Diesel og skartgripir frá Georg Jensen og Flora Danica.

Franch Michelsen sérhæfir sig í að selja hágæðaúr og skart og stendur á gömlum merg. Sá Franch úrsmíður, sem nú ræður ríkjum að Laugavegi 15, er hinn þriðji í röðinni með sama nafni en forfaðir hans kom frá Danmörku árið 1907, giftist íslenskrri konu og settist að á Sauðárkróki þar sem hann opnaði fyrstu verslun Franch Michelsen árið 1909. Sonur hans og nafni lagði úrsmíðina einnig fyrir sig og opnaði verslun með sama nafni í Reykjavík árið 1942. Lengi vel var verslunin til húsa við Laugaveg 39 en fluttist um set árið 1993 að Laugavegi 15.


Franch Michelsen hinn þriðji, sem er handhafi Njarðarskjaldarins í ár, tók við fyrirtækinu 1992 og hafði þá lokið námi í úrsmíði undir handleiðslu föður síns. Hann segir að lykillinn að velgengni verslunarinnar sé metnaður og rófesta auk þess sem löng saga hafi skapað versluninni tiltekið samkeppnisforskot.

Verðmæti iðnaðarframleiðslu dregst saman

Á einu ári hefur verðmæti iðnaðarframleiðslu til framleiðenda dregist saman um tæp 4%. Frá fjórða ársfjórðungi 2003 hefur verðmætið dregist saman um 1,3%. Á sama tíma hafa laun hækkað um 12,5% og innlendir kostnaður, mældur með vísitölu neysliverðs, hækkað um 9,5%. Verðmæti útflutnings á iðnvörum minnkaði um 1,4 milljarða fyrstu 9 mánuði ársins m.v. sama tíma í fyrra. Hins vegar jókst útflutningur á föstu verði um 5,8%. Þrátt fyrir sterkt gengi krónunnar eru iðnfyrirtæki að hagræða af fullum þunga til að bregðast við þessu erfiða ástandi. Þetta er til marks um þá erfiðu stöðu sem hátt gengi krónunnar veldur iðnaði, bæði í útflutningi og samkeppni við innflutning.

Vísitala framleiðsluverðs

Árið 2003 byrjaði Hagstofa Íslands að setja fram svokallaða vísitölu framleiðsluverðs en hún mælir þau verðmæti sem framleiðendur vöru fá. Þetta er mikilvæg vísitala fyrir gang efnahagslífsins en hefur því miður aðeins verið reiknuð í stuttan tíma. Þegar frá líður verður vísitalan mikilvæg vísbending um stöðu framleiðslufyrirtækja. Þrátt fyrir ungan aldur er vísitalan farin að gefa mikilvægar vísbendingar. Hún er nú reiknuð á ársfjórðungsgrunni en



verður strax á næsta ári reiknuð mánaðarlega líkt og þekkest víðast hvar. Einnig stendur til að Hagstofan reikni vísitöluna bæði fyrir iðnframleiðslu sem er flutt úr landi og þá sem fer á innanlandsmarkað. Líklegt er að verðmæti útfluttrar iðnframleiðslu hafi dregist meira saman en í framleiðslu sem notuð er innanlands vegna gengisstyrkingar en nákvæmar mælingar um það liggja ekki fyrir.

Verð á sjávarafurðum til framleiðenda hefur hækkað lítillega það sem af er þessu ári einkum vegna hækunar á heimsmarkaðsverði. Þau iðnfyrirtæki sem finna verst fyrir hágenginu samkvæmt athugunum SI eru fyrirtæki í hátækni, plastiðnaði, málmíðnaði, álframleiðslu og upplýsingatækni.

Krónan étur upp hagræðinguna


Iðnfyrirtæki í útflutningi auka nú tekjur sínar á föstu verðlagi með miklu aðhaldi og endurskipulagningu. Hins

vegar er dapurlegt að krónan étur jafnóðum upp góðan árangur af rekstrarhagræðingunni. Hátt gengi og miklar gengissveiflur skapa þessum fyrirtækjum illbærileg starfsskilyrði. Ef svo heldur áfram sem horfir munu sum þessara fyrirtækja leggja upp laupana eða flytjast úr landi vegna erfiðra starfsskilyrða. Mörg fyrirtæki hafa þegar brugðist við með því að flytja stóran hluta framleiðslustarfsemi sinnar úr landi. Önnur fyrirtæki flytja inn erlenda framleiðslu í samkeppni við sína eigin og reyna þannig að bregðast við gengissveiflum. Möguleikar fyrirtækja til hagræðingar af þessu tagi eru hins vegar afar misjafnir.

Ef við viljum að íslensk fyrirtæki séu í fremstu röð í heiminum verður búa þeim fyrsta flokks starfsskilyrði. Fyrirtækin geta ekki endalaust haldið áfram að hagræða til að mæta miklum sveiflum. Nú liggur á að tryggja tilveru þeirra héraendis með því að bæta starfsskilyrði iðnaðarins sem allra fyrst.

Bjarni Már Gylfason

Val þitt skiptir máli



**Hlutfall
prentunar
á bókum 2005**

Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentstað íslenskra bóka sem birtust í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútfendna 2005.

Könnunin sýnir að hlutfall prentunar innanlands hefur aukist um 1,5% milli ára.

B félag
bókagerðar-
manna

SI
Samtök iðnaðarins